


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ENS S936	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun (Haust 2013)	

Kennari	Harpa Jörundardóttir	Sk.st.	HJD
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er í námstækni greinarinnar og nemendum kennt að nota orðabók. Lögð verður meiri áhersla á að nemendur tileinki sér hagnýtan orðaforða til daglegra samskipta. Minni rækt er lögð við hefðbundna málfræðikennslu. Meiri áhersla er hins vegar lögð á allskonar orðaforðaæfingar, ritunarverkefni og hlustun. Mikið er lagt upp úr virkri þátttöku nemenda í kennslustundum.

Markmið:


Markmið áfangans er að hjálpa nemendum að byggja ofan á þá kunnáttu sem þeir hafa við upphaf áfangans og aðstoða þá við að öðlast færni og sjálfstraust í meðferð tungumálsins.

Námsgögn:

Allt námsefni kemur frá kennara. Stuttar smásögur, fjölritaðar glósur, orðabækur, (tölvuorðabækur), kvikmyndir. Stuðst verður við námsumhverfið Moodle eins og frekast er unnt.

Áætlun um yfirferð:

Vika 34-37	Nemendur og kennari kynnst þannig að hægt sé að meta stöðu hvers og eins. Nemendum kynnt hvernig námsumhverfið Moodle verður nýtt. Lestur á styttri textum og ýmis verkefni. Farið í notkun orðabóka og glósutækni. Notkun persónufornafna og sagna í einfaldri nútíð/pátíð. Stutt ritunarverkefni ásamt smáverkefnum sem tengjast lestextum. Horft á kvikmynd og verkefni henni tengd unnin í tímum.
Vika 37-41	Lesin verður a.m.k. ein smásaga (upplestur verður aðgengilegur nemendum) og hún skoðuð út frá efni og uppbyggingu. Unnin verða verkefni tengd sögunni og nemendur búnir undir að skrifa smásögu saman í hópum. Óreglulegar sagnir verða rifjaðar upp í samhengi við daglegan orðaforða.
Vika 42 – 45	Lögð verður áhersla á hlustun og unnin fjölbreytileg verkefni tengd því sem hlustað er á. Lesnir verða stuttir textar tengdir Halloween, unnin verkefni og orðaforði styrktur.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	ENS S936 Kennsluáætlun (Haust 2013)	

Vika 46 – 47	Lesnir verða stuttir textar tengdir Thanksgiving, unnin verkefni og orðaforði styrktur. Horft á kvikmynd.
Vika 48 – 49	Samantekt á vinnu nemenda yfir önnina. Upprifjun á helstu þáttum námsefnisins Prófavika / þemavika

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Vægi
Hlutapróf (2x6%)	12%
Vinnueinkunn (þátttaka í tímum 6%, ástundun 4%)	10%
Ritunarverkefni (2x2,5%)	5%
Hlustunarverkefni (2x2,5%)	5%
Kvikmyndaverkefni (2x4%)	8%
Málfræði og önnur smáverkefni	10%
Lokapróf	50%

Dagsetning: 20. ágúst 2013

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils